Kópavogi, 5.6. 2023

Á fjárhagsáætlun eignasjóðs eru áætlaðar fimm milljónir í viðhald á listaverkum bæjarins ár hvert. Viðhald verka fer eftir forgangsröðun sem byggir á skýrslu sem gerð var árið 2021 um ástand og stöðu útilistaverka bæjarins. Samkvæmt úttekt eru verk Gerðar Helgadóttur á hringtorgunum við Hamraborg og Digranesveg á forgangslista vegna slæms ástands. Beðið er eftir tilboði í endurgerð stöpuls undir verkin tvö og lagfæringum á bronsverkinu á hringtorginu við Hamraborg. Ekki er ólíklegt að viðgerðin á þessum tveimur verkum nemi þeim fjárheimildum sem ætlaðar eru til viðgerða á listaverkum á þessu ári.

Varðandi ábendinguna frá Geir vegna verksins Kóps þá þökkum við fyrir hana og munum skoða verkið aftur til að kanna hvort miklar breytingar hafi orðið á því frá útgáfu skýrslunnar. Eins og sjá má í henni var verkið talið í ágætu ástandi og því ekki ofarlega á forgangslistanum. Samkvæmt úttekt á útilistaverkum 2021 var ástandið eftirfarandi: „Frekar gott ástand, stöku ryðblettir.“

Brynja Sveinsdóttir

Forstöðumaður | Director
Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs | Gerdarsafn - Kopavogur Art Museum
Hamraborg 4
200 Kópavogur, Iceland
Tel: +354 441 7603
www.gerdarsafn.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026